

Uppsetning á búnaði til eyðingar á áhættuvefjum úr sláturdýrum við sláthús Kaupfélags Skagfirðinga á Hellu Ákvörðun um matsskyldu

Inngangur

Þann 26. janúar 2016 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Kaupfélagi Skagfirðinga um fyrirhugaða uppsetningu á búnaði til eyðingar á áhættuvefjum úr sláturdýrum við sláthús Kaupfélags Skagfirðinga á Hellu, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og lið 11.14 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Rangárþings ytra, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar.

Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Uppsetning á búnaði til eyðingar á áhættuvefjum úr sláturdýrum.

Umsagnir bárust frá:

- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 18. febrúar 2016.
- Matvælastofnun með bréfi dags. 21. mars 2016.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 23. febrúar 2016.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 6. apríl 2016.

Fyrirhuguð framkvæmd

Í greinargerð kemur fram að fyrirhugað sé að setja upp og starfrækja búnað til eyðingar á áhættuvefjum úr sláturdýrum. Um er að ræða ofn sem verði komið fyrir í gám á lóð sláthúss Kaupfélags Skagfirðinga á Hellu og krefst uppsetning hans ekki sérstakra framkvæmda. Lóðin er á skipulögðu iðnaðarsvæði.

Fram kemur að búnaðurinn brenni áhættuvefjum við háan hita í samræmi við kröfur sem gerðar séu í Evrópu. Búnaðinn sé auðvelt að setja upp á lóð fyrirtækja, við sveitabæi eða annars staðar þar sem úrgangur falli til. Þannig sé hægt að brenna úrgang sem til falli á staðnum, lágmarka flutninga og þörf fyrir stórar brennslustöðvar eða urðunarstaði. Búnaðurinn gangi fyrir olíu og verði áætlun um frágang á olíutank fyrir búnaðinn unnin í samráði við eldsneytissala.

Í greinargerð og frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að ætlunin sé að eyða áhættuvefjum úr flokkum cat 1 og 2, sem er áætlað samanlagt um 200 tonn á ári. Í stöðinni verði einungis brenndur sláthúsgangur sem til falli hjá fyrirtækinu en ekki verði tekið á móti úrgangi frá öðrum.

Umhverfisáhrif

Mengun. Fram kemur að við brennslu á úrgangi berist útblástur frá ofninum, en efni í útblæstri séu undir þeim viðmiðunarmörkum sem sett séu í tilskipunum Evrópusambandsins. Ekkert frárennsli er frá búnaðinum og enginn úrgangur fellur til.



Í umsögn Umhverfisstofnunar er tekið fram að umsögn stofnunarinnar nái eingöngu til uppsetningar og reksturs búnaðar til brennslu áhættuvefja úr slátturdýrum. Umsögn Umhverfisstofnunar sem er í viðauka III í greinargerð framkvæmdaraðila fjallar einungis um rekstur brennsluofns við slátturhús til að brenna áhættuvefi úr dýrum. Eins og fram komi í greinargerð er losun efna frá brennsluofni innan viðmiðunarmarka í tilskipun Evrópuþingsins, 2000/76/EB.

Í umsögnum Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif eða ekki matsskyld.

Skipulag og leyfisveitingar

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð leyfi Rangárþings ytra. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Um er að ræða uppsetningu á búnaði til eyðingar á áhættuvefjum úr slátturdýrum við slátturhús Kaupfélags Skagfirðinga á Hellu. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 11.14 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að mengun frá útblæstri frá brennsluofni verði lítil sem og ónæði af völdum hans. Veldur þar mestu að umfang afurða til brennslu er fremur lítið eða um 200 tonn á ári og er eingöngu bundið við þann úrgang sem fellur til hjá slátturhúsi Kaupfélags Skagfirðinga á Hellu

Skipulagsstofnun vekur athygli á því að ef framkvæmdaraðili hyggst brenna meira magn og/eða annan úrgang en fellur undir áhættuvefi í flokkum cat 1 og 2 ber að tilkynna að nýju til Skipulagsstofnunar um breytingar á starfseminni. Slík breyting á starfseminni fellur undir tölulið 13.02 í 1. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð uppsetning á búnaði til eyðingar á áhættuvefjum úr slátturdýrum við slátturhús Kaupfélags Skagfirðinga á Hellu sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Kaupfélag Skagfirðinga og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktílhögum og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 2. ágúst 2016.

Reykjavík, 30. júní 2016

Sigmar Arnar Steingrímsson

Valur Klemensson